

REGLUGERÐ

um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2025, 2026 og 2027 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/731.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grund ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2025 frá 7. febrúar 2025, öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi h landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/989 frá 2. apríl 2024 um samræ eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2025, 2026 og 2027 til þess að tryggja að farið sé að ákvæ um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í matvælum úr jurta- og dýraríkinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/731. Reglugerði birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17 frá 20. mars 2025, bls. 528.

2. gr.

Við A-lið 1. töluliðar í viðauka II framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/989 b eftirfarandi:

IS	12
NO	12

3. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995.

4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Reglugerð nr. 503/2024 um samræmda eftirlitsáætlun fyrir árin 2024, 2025 og 2026 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu skal gilda til 1. september 2025. Á sýni sem prófuð voru árið 2024.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 4. apríl 2025.

Hanna Katrín Friðriksson.

Svava Pétursdóttir.